

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 9. tbl. 10. árg. nóvember 2016

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Skólapúlsinn – einelti mælist minna

Þær ánægjulegu niðurstöður komu út úr fyrstu skólapúlskönnun að einelti mælist nú mun minna en hingað til og er komið undir landsmeðaltal. Að sama skapi mælist vellíðan nemenda yfir meðaltali. Þetta eru svo sannarlega ánægjulegar niðurstöður og staðfesta að með sameiginlegu átaki nemenda, starfsmanna og foreldra er hægt að ná árangri. Hinsvegar er takmarkinu ekki náð, markmiðið er að útrýma því alveg því eitt barn sem verður fyrir einelti er einu of mikið.



Það sem kemur þó á óvart núna og er breyting frá því sem var er að nú hrynur allt í einu sjálfsáliti nemenda og allt sem snýr að trú á eigin getu og stjórn á eigin lífi. Þessir þættir hafa verið svipaðir og annarsstaðar á landinu síðustu tvö árin en nú hrynja þessar tölur og eru komnar verulega langt undir landsmeðaltal. Þessar tölur ríma þó við niðurstöður úr *Hagir og líðan ungs fólks* sem kynnt var í Nýheimum 12. október síðastliðinn. Þar kemur fram að um allt land eru kvíða og þunglyndiseinkenni að aukast og ekki síst hér hjá okkur. Þar er sérstaklega horft til áhrifa frá samfélagsmiðlum og þess að allt of margir nemendur sofa einfaldlega of lítið.

Í skólanum munu kennarar vinna með þætti sem snúa að sjálfsáliti og trú á eigin getu og vinnubrögðum auk þess sem þar er oft og iðulega verið að ræða um snjalltæki og samfélagsmiðla. Afar áriðandi er að foreldrar séu líka vakandi fyrir notkun barna sinna á samfélagsmiðlum og ræði við þau um óæskileg áhrif þeirra.

Lestrarviðmið frá Menntamálastofnun

Á degi íslenskrar tungu sendi Menntamálastofnun frá sér ný viðmið um árangur í lestri. Í framhaldi af þjóðarsáttmála um læsi þar sem markmiðið er að 90 % nemenda geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla réðst Menntamálastofnun í að finna út hver þau viðmið gætu verið sem segðu til um að nemandi gæti örugglega lesið sér til gagns. Á síðustu misserum hefur Grunnskóli Hornafjarða tekið þátt í að forprófa lestrarpróf sem notuð verða til þess að mæla lestrarfærni hjá nemendum.

Þau viðmið sem Menntamálastofnun gefur nú út eru þrennskonar. Stefnt er að því að 90 % nemenda nái lægsta viðmiði. 50 % nemenda nái öðru viðmiði og 25 % nemenda að ná því hæsta.

Hér kemur tafla yfir þessi viðmið í hverjum árgangi fyrir sig. Athugið að hér er um rétt lesin orð á mínútu að ræða. Fyrir þá sem vilja skoða töfluna yfir rétt lesin atkvæði á mínútu og lesa sér meira til um þetta fyrirkomulag þá er hér slóð inn á vef MMS.

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_fyrir_vef_mms.pdf



Tafla 1. Maiviðmið fyrir lesfimipróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Það munar um foreldra í lestraruppeldi

Í grunninn er lestur tvennskonar. Annars vegar tæknilegt ferli sem felst í að umbreyta í huganum táknum á blaði í orð. Þessi tækni er mannum ekki eðlislæg heldur þarfnast hún oft á tíðum mikillar þjálfunar og þar skiptir stuðningur foreldra miklu máli. Það sem foreldrar geta m.a. gert er að

- Leggja áherslu á að barnið læri bókstafina og hljóð þeirra.
- Séð til þess að barnið lesi daglega.
- Hlustað á barnið lesa.
- Hvatt barnið til að skrifa nokkur orð eða stuttar setninga daglega.
- Hjálpa barninu við að velja texta sem það ræður við.



Hins vegar er lestur hugrænt ferli sem er háð valdi á máli, orðaforða, áhuga, einbeitingu, hugkvæmni og fleiru. Þessi atriði eru mannum eðlislæg og hægt að efla verulega með stuðningi og örvun. Góður orðaforði er lykilatriði í lesskilningi og forsenda náms auk þess að vera að jafnaði ávísun á velgengi í námi. Lesmál býr alla jafna yfir auðugri orðaforða en talmál og því mikilvægt að lesið sé fyrir börn frá unga aldri. Foreldrar geta hjálpað ríkulega við að efla orðaforða barna sinna, áhuga og einbeitingu og stuðla með því að velgengi í námi. Það gera þeir m.a. með því að;

- Tala um fjölbreytta hluti við börnin og fá þau til að tjá sig um það sem þau eru að fást við.
- Nota fjölskrúðugt orðalag í samræðum við börn.
- Lesa fjölbreyttan texta fyrir börn og ræða um hann.
- Lesa fyrir börnin eftir að þau eru orðin læs og ræða um það sem lesið er.
- Hafa gott aðgengi að lesefni fyrir börnin og hvetja til lestrar.
- Vera góðar fyrirmyndir.

Lestrarnám byggist á samvinnu heimilis og skóla. Börn læra best þegar þeim líður vel og sjálfsmynd þeirra er sterk og heilsteypt.

Á aðventunni

Á aðventunni breytist skólastarfið lítillega og eftir því sem nær dregur jólum fléttast jólaundirbúningurinn meira inn skólastarfið. Í lok næstu viku koma nemendur heim með dagskrá desembermánaðar þar sem hægt verður að sjá hvað er á döfinni hverju sinni.



Á aðventunni skyldi þó megin áherslan vera á náungakærleik og virðingu fyrir hvert öðru. Gott er að minna sig á hversu dýrmætur fjölbreytileiki okkar mannanna er og hlúa að honum fremur en dæma. Fögnum fjölbreytileikanum og eigum góða daga saman.

Matseðill í desember

- 1.des. Kjúklingapottréttur með hrísgrjónum.
- 2.des Hrísgjónagrautur.

- 5.des Plokkfiskur með rúgbrauði.
- 6.des Lambasnitsel í raspi.
- 7.des Fiskibúðingur með karrýsósu.
- 8.des Hakk og spagetti.
- 9.des Kjötsúpa.

- 12.des Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 13.des Heitt slátur og lifrapylsa.
- 14.des Fiskréttur með hrísgrjónum.
- 15.des Kjötbollur og kál.
- 16.des Hrísgjónagrautur.

- 19.des Pylsur og pylsubrauð.
- 20.des stofujól og svo jólafrí



Nú er tími endurskinsmerkjanna í algleymingi
Sjáumst